

eins og lafin á haustin um héraðan lund
er það hjaðnað, þá fýkur í skjól.

Og þess aldini? Guð minn, hve aumleg og smá,
og sem ekkert hjá heims þessa neyð —
eins og blálindar tár hjá þeim sóllausa sjá,
er þau sogar í helstríð og deyð!

Hvað er stórt? hvað er smátt?— Eins og hjarta mitt slær,
eins og hittist á skap mitt og sál.
En ei helming neinn Absalon afrekað fær,
þess er ætlaði; hitt verður tál!—

Og „samt gengur jörðin“. Því ég hef þá trú,
að það jafnist vort stormóða haf,
og að sjón vor sé rétt og til sannleikans brú —
þessi sjón, er oss eilífðin gaf.—

En með Dauðann í brott! Eg vil lifa mitt líf,
og sjá ljós, þó að ógni mér Hel;
og eg hleyp út í lífið og heltjaldið ríf,
til að hylla þig, eilífa hvell! —

Sof þú rótt, sof þú rótt. Ó þú döglinga drótt!
Ekki dæmi eg verk þín á storð.
Góða nótt! Höfum hljótt; öll vor gjörningagnótt
verður grafsteinn með hálfkveðið orð! —

Kom þú ljúfasta ljós! Kom þú roðnandi rós,
kom og réttu mér töfranda munn.—
Það er nóg: eg á frið, eg á alsherjar grið,
hér við allífsins skínanda brunn!